

Fundur haldinn miðvikudaginn 18. janúar 2023, kl. 19.00 í Menntaskólanum á Akureyri

Almenn fundarstörf

Formaður býður félagskonur velkomnar og býður Jóhönnu að kveikja á kertunum.

Kveðjur eru fluttar frá konum sem ekki komust á fundinn.

Fundargerð síðasta fundar er lesin.

Erindi stjórnar

Menntamálakynning – formaður fer yfir næstu evrópsku menntamálakynningu skv. tölvupósti. Hún verður haldin í Reykjavík 27. janúar kl. 16.00. Einnig verður kynningin á Zoom.

Þekkingarforðinn – formaður minnst á að verið sé að safna í sarpinn en lítið hafi bæst við á vefnum í þekkingarforðann. Konur eru hvattar til að deila hugmyndum og fræðsluefni. Fram kemur að oft séu vandræði í deildum úti á landi að finna gesti, hvatt er til samvinnu á milli deilda.

Evrópuráðstefnan í Tampere 26. – 29. júlí 2023 – rætt er um ferð til Finnlands í sumar. Þ.e. hverjar hafa hug á að fara, mikilvægt er að fara að leggja drög að því. Ákveðið er að halda umræðu áfram í kaffihléi.

Innganga nýrra félaga – rætt er um inngöngu nýrra félagskvenna og hvenær vígsla ætti að fara fram. Formaður mun fara yfir ferlið og jafnframt verður samráð við næsta undirbúningshóp varðandi fundinn. Einnig kemur fram að vitað sé af konu úr Mýdeild sem er að flytja til Akureyrar – rætt er að kanna hvort hún hafi áhuga á að ganga í deildina. Stjórn lýkur formlegum málum og Hildur Hauksdóttir tekur við fundarstjórn.

Bókarýni

Farið er yfir reglur, hver og ein segir frá bók og fær til þess þrjár mínútur. Þær sem eru með sömu bók nýta sama tækifæri og mynda samræðu.

Titlar sem rætt er um:

Stuldur, e. Ann-Helén Laestadius.

Fékk verðlaun í Svíþjóð sem bók ársins 2021. Höfundur er sjálf Sami og byggir söguna á raunverulegum atvikum og skýrir vel frá samfélagi Sama.

Umfjöllun: Sigrún Aðalgeirsdóttir.

Sjö eiginmenn Evelyn Hugo, e. Taylor Jenkins Reid.

Bókin hlaut bókaverðlaun starfsfólks bókasafna. Bókin fjallar um leikkonu sem slær í gegn og segir ævisöguritara frá glæstri ævi sinni.

Umfjöllun: Aðalbjörg Bragadóttir.

Yfir bænum heima, e. Kristínu Steinsdóttur.

Bókin segir frá stórfjölskyldu á Seyðisfirði, nágrönnum og heimilisvinum á stríðsárunum.

Umfjöllun: María Steingrímsdóttir.

Sjö systur, e. Lucinda Riley.

Bókin fjallar um systur sem ættleiddar eru frá ólíkum heimshornum. Eftir lát föður þeirra fá þær vísbendingar um hvar þær geti leitað uppruna síns.

Umfjöllun: Jóhanna S. Þorsteinsdóttir.

3. fundur Betadeildar starfsveturinn 2022-2023

Spítalastelpan e. Sigmund Erni Rúnarsson.

Bókin er uppvaxtarsaga Sigurvinu Guðmundu Samúelsdóttur eða Vinsýjar. Tengist berklasögunni, lítil stúlka sem í raun elst upp á sjúkrahúsi á Ísafirði.

Umfjöllun: Elín Elísabet Magnúsdóttir.

Hansdætur, e. Benný Sif Ísleifsdóttur.

Bókin segir frá uppvexti stúlku í vestfirsku sjávarplássi í byrjun tuttugustu aldar. Áhrifamikil örlagasaga úr íslenskum veruleika.

Umfjöllun: Eygló Björnsdóttir

Bréfin hennar mömmu e. Ólaf Ragnar Grímsson.

Bókin er byggð á bréfum móður Ólafs Ragnars sem berst við berkla. Bréfin eru einstæð heimild um glímu þjóðarinnar við hvíta dauðann eins og hann var nefndur.

Umfjöllun: Hanna Salómonsdóttir.

Eden, e. Auði Övu Ólafsdóttur.

Marglaga bók og margt sem kemur fyrir í henni. Fjallar um sérfræðing í tungumálum fámennra þjóða.

Umfjöllun: Minnie Eggertsdóttir.

Var, er og verður Birna, skráð af Ingibjörgu Hjartardóttur og Birnu sjálfri.

Birna er fædd á Borgarfirði eystri, var þar í skóla og fer þaðan á Eiða og svo í MA. Er fljótt mjög sérstök og öðruvísi og var áberandi hér á Akureyri á sínum tíma. Birna verður tákngerfingur fyrir andstöðu.

Umfjöllun: Ragnheiður Sigurðardóttir.

Kaffihlé – í kaffihléi er dregið í happdrætti – Hildur Hauksdóttir fær happdrættisvinninginn.

Útkall, Geysir er horfinn, e. Óttar Sveinsson.

Ótrúlegt flugslys sem varð árið 1950. Um var að ræða 6 manna áhöfn, átján hunda og lúxusvarning. Það líða um 4 dagar áður en eitthvað heyrir og var búið að telja fólk af.

Umfjöllun: Margrét Kristín Jónsdóttir.

Kákasus-gerillinn e. Jónas Reyni Gunnarsson.

Fjallar um efni sem fólk notar til að breyta skynjun sinni á veruleikann. Þetta er þó ekki saga um fíkniefni. Á 8. áratugnum var engin húsmóðir nema hún ætti geril í mjólk uppi á skáp.

Umfjöllun: Fríða Pétursdóttir.

Saknaðarilmur e. Elísabetu Jökulsdóttur. Bókin fjallar um samskipti móður og dóttur, áföll sem koma fram við lát móður.

Umfjöllun: Sigríður Magnúsdóttir.

Inngangur að efnafræði e. Bonnie Garmus.

Bókin fjallar um efnafræðinginn Elísabetu á 7. áratugnum sem þurfti að takasta á við alls kyns fordóma og berjast fyrir viðurkenningu í karlaheimi.

Umfjöllun: Aníta Jónsdóttir.

Sonur minn, e. spænska höfundinn Alejandro Palomas.

Bókin hefur sankað að sér verðlaunum. Marglaga og átakanleg saga sem er full af tilfinningum, eymslum, vináttu, ósögðum orðum og yfirþyrmandi vináttu.

Umfjöllun: Anna Þóra Baldursdóttir.

The Choice og The Gift, e. Edith Eger.

Kona sem lifði af helförina segir sögu fjölskyldu sinnar. Öðruvísi nálgun í The Gift. Snýr að því að við

3. fundur Betadeildar starfsveturinn 2022-2023

höfum alltaf val.

Umfjöllun: Helena Sigurðardóttir.

Þernan, e. Nita Prose.

Bókin er um þernuna Molly Gray sem er hrekklaus og rangtúlkar oft viðbrögð og viðhorf annarra.

Amma hennar var von að útskýra og einfalda heiminn fyrir henni.

Umfjöllun: Sirrý.

Þetta rauða það er ástin, e. Rögnu Sigurðardóttur.

Bókin er skrifuð af listakonu og er fallega skrifuð, fræðandi og hrollvekjandi.

Umfjöllun: Hildur Hauksdóttir.

Aðrar bækur sem nefndar voru:

Vetrargulrætur, e. Rögnu Sigurðardóttir.

Tól e. Kristínu Eiríksdóttur.

Gata bernskunnar, e. Tove Ditlevsen.

Gift, e. Tove Ditlevsen.

Önnur mál:

Næstu fundir:

Rætt er hvort það eigi að halda annan bókafund og rýna í ákveðnar bækur. Bent er á að undirbúningshópur marsfundar eigi að ákveða með hvaða sniði fundurinn verður. Einnig er bent á að e.t.v. sé of mikið að taka tvo fundi fyrir bókaumfjöllun. Umræða verður um næstu tvo fundi. Marsfundurinn er óhefðbundinn, fundur sem kom aukalega.

Einnig er rætt um vorfagnað og heiðrun á konum. Rætt er hvort það sé e.t.v. of stutt að hafa fimm ár á milli heiðrana eða hvort það eigi frekar að vera á tug Betadeildar. Ekkert er ákveðið aðeins um vangaveltur að ræða.

Bent er á að febrúarfundur lendi í miðju vetrarfríi. Rætt er að slá saman febrúar og marsfundi og ef breytingar verði þá þurfi að gera breytingar á hópunum. Farið er yfir undirbúningshópana (í febrúar eru Hugrún, Anna Þóra, Eygló og Hanna. Í mars: Aníta, Fríða, Jónína, Lilja og Ragnheiður). Þær sem eru í afmælisnefnd (Eygló og Fríða) fara úr undirbúningshópunum sem sameinast.

Ákveðið er að hafa formlega inngöngu nýrra félagskvenna í mars og mun stjórn finna nýjan fundartíma. Apríl og maí dagsetningar haldast. Formaður mun senda konum tölvupóst. Viðbótardagsetning væri þá afmælisferðin en einnig er velt upp hvort það megi hafa fund og ferð á sama degi. Ákveðið er að afmælisnefndin skoði það.

Umræðum lýkur og Jóhanna slekkur á kertunum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið /SRJ